

# Íslenska vitafélagið

## Skýrsla stjórnar 2013 Starfsárið 2012-2013

### Stjórn og stjórnarfundir

Aðalfundur Íslenska vitafélagsins 2012 var haldinn laugardaginn 12.mai klukkan 11:00 í Víkinni-sjóminjasafni í Reykjavík.

Kosin var ný stjórn sem er þannig skipuð: Sigurbjörg Árnadóttir formaður, Magnús Skúlason varaformaður, Sigrún Klara Hannesdóttir gjaldkeri, Kristján Sveinsson, ritari og Sigríður Arna Arnþórsdóttir, meðstjórnandi. Varamenn eru: Jón Ragnar Daðason og Valdimar Harðarson.

Stjórnarfundir á árinu voru sex, ýmist í Reykjavík eða símafundir. Auk þess voru haldnir margir fundir bæði formlegir og óformlegir við undirbúning á Strandmenningarhátíðinni í Ebeltoft.

### Starfsemin

#### 1. Ebeltoft í Danmörku

Stærsta viðfangsefni ársins 2012 var norræna strandmenningarhátíðin sem haldin var í Ebeltoft dagana 11-14 júlí. Félagið sendi gám sem í var; bátur, skreið, harðfiskur, saltfiskur, bækur, myndlist, kvikmyndir, roðskór, fatnaður unnin úr roði og margskonar varningur sem unnin er úr sjávarafurðum.

Formaður og varaformaður, þau Sigurbjörg Árnadóttir og Magnús Skúlason fluttu erindi á málþinginu og stóðu vaktina og svöruðu spurningum gesta, kenndu þeim að berja og borða harðfisk. Jón Ragnar Daðason fræddi gesti um bátasmíði á Íslandi fyrir og nú.

#### 2. Ísafjörður

Vorfundur var að þessu sinni á Vestfjörðum í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Byggðasafnið á Ísafirði og verkefnið Fishernet hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri og var Ísafjörður sóttur heim. Dagskráin var eftirfarandi:

**Hafið, fjaran og fólkið: menningararfleifið, tækifæri og ógnir sjávarbyggða**  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ísafirði, laugardaginn 19. maí

13:30-14:00 Auður við íslenska strönd. Kynning á Íslenska vitafélaginu - félagi um íslenska strandmenningu og verkefninu Fishernet: Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Íslenska vitafélagsins og verkefnastjóri, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar  
14:00-14:30 Strand- og neðansjávarminjar við Vestfirði: Ragnar Edvardsson, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum

14:30-15:00 Ævintýralandið – ströndin: Nanný Arna Guðmundsdóttir, Borea Adventures

15:00-15:30 Kaffihlé

15:30-16:00 Fólk, framsal, fiskveiðiréttindi og fjármálaafurðir: Eru tilraunir með fiskveiðistjórnun í anda frjálshyggjunnar óafturkræfar? Dr. Níels Einarsson, forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

16:00-16:30 Sóknin í norður - áhætta, öryggi og aðlögun sjávarbyggða vegna veðurfarsbreytinga og aukinnar skipaumferðar: Embla Eir Oddsdóttir, settur framkvæmdastjóri Rannsóknarþings norðursins og verkefnastjóri, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Fundarstjóri: Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri.

Að loknum fundi er fundargestum boðið í klukkustundar siglingu með eikarbátnum Húna II sem er gerður út frá Akureyri af Hollvinafélagi Húna. Báturinn verður á Ísafirði frá 16. til 20. maí 2013.

Mjög góður rómur var gerður að heimsókninni vestur en því miður hafði vestfirðingum orðið á þau mistök að velja útskriftardag menntaskólans til heimsóknarinnar og því voru margir sem ekki gátu mætt á dagskrána.

### 3. Fyrirlestrar og fræðsluerindi

Að venju var vetrardagskráin á sínum stað í Víkinni –sjóminjsafni í Reykjavík undir samheitinu heitinu; Spegill fortíðar-silfur framtíðar.

#### Dagskráin var eftirfarandi:

7 nóvember 2012

*Rímur og sjómannasöngvar:* Rósa Þorsteinsdóttir og Sönghópurinn Einbreið brú.

9 janúar 2013

*Hver einn bær á sína sögu, sigurljóð og raunabögu.* Um lífið í Skáleyjum á Breiðafirði. Þórunn Kjartansdóttir og Jóhannes Gíslason.

6 febrúar

*Draugasögur og Þjóðtrú sjómanna:* Kristín Einarsdóttir og Hlíf Gylfadóttir.

6 mars 2013

*Skipið sem samfélag.* Guðjón Þór Grétarsson.

Kvikmyndin *Á sjó* eftir Sigurð Sverri Pálsson.

3 apríl 2013

*Gáð til veðurs - rannsókn á veðurgleggni Íslendinga og hæfileikanum að lesa í náttúruna.* Eiríkur Valdimarsson, þjóðfræðingur og Trausti Jónsson, veðurfræðingur

11 maí 2013

*Vordagskrá á Akranesi*

Aðsókn að fræðslukvöldunum var yfirleitt mjög góð og sló Jóhannes Gíslason Skáleyjarbóndi þó öll met, en á fyrirlestur hans og Þórunnar mættu 160 manns.

### 4. Útgáfa og vefupplýsingar

#### Fréttabréfið

Vitafélagið gaf út tvö blöð af Fréttabréfinu 2012. Annað var gefið út að vori og með því fylgdi aðalfundarboð og reikningur fyrir árgjaldi. Hitt heftið var gefið út að hausti og fylgdi því vetrardagskrá félagsins.

## **Vefurinn [www.vitafelagid.com](http://www.vitafelagid.com)**

Heimasíða félagsins þarfnast uppfærslu og endurnýjunar. Claudio Wabner sem hannaði síðuna á sínum tíma hefur endurgert hana að hluta en nú bráðvantar vefstjóra til að setja inn allt efnið og halda síðunni við. Átaks er þörf!

## **Facebook**

Vitafélagið er með síðu á Facebook sem strax naut mikilla vinsælda og nú á félagið yfir þrjúþúsund vini sem fylgjast með því sem sett er á síðuna. Því miður skilar það sér ekki í félagsgjöldum.

## **5. Áskoranir og hvatningar til opinberra aðila**

Vitafélagið sendi áskorun til Ríkisútvarpsins um að mynd Sigurðar Sverris Pálssonar yrði sýnd í Ríkissjónvarpinu. Myndin var á vetrardagskrá félagsins 6. mars en hefur aldrei verið sýnd opinberlega hér á landi þó svo að hún sé tólf ára gömul. Frumsýning hennar var á kvikmyndahátíðinni í Honningsvåg í september 2012 þegar formaður félagsins sýndi hana þar á vegum Fishernets [www.fishernet.is](http://www.fishernet.is)

## **6. Umsóknir um styrki til starfseminnar**

Samfélagsstyrkur Landsvirkjunar var auglýstur og félagið sótti um en fékk ekki. Sótt var um í Clara Lachmansfond vegna hátíðarinnar í Karlskrona en ekki fékkst styrkur þar. Sótt var um Eyrarrósina en ekki fékkst sá styrkur. Sótt var um styrk til Þjóðhátíðarsjóðs Norðmanna og fékkst einn ferðastyrkur.

Sótt var um til Norræna menningarsjóðsins í samvinnu við skipuleggjendur í Karlskrona. Styrkur fékkst að upphæð 200.000 DKR. Þetta gerir strandmenningarfélagunum kleift að halda þriðju hátíðina með glæsibrag. Íslenska vitafélagið fær góðan hlut styrksins og þar að auki fékk safnið í Karlskrona styrk frá Letterstedtska Föreningen til að bjóða síldarsöltunarhóp Síldarminjasafnsins til Karlskrona. Alls fara 20 Íslendingar á vegum félagsins á hátíðina. Sótt hefur verið um styrk til Íslandsstofu en ekkert hefur frést af þeirru umsókn ennþá. Einnig sótti félagið sjálft um til Letterstedtska Föreningen en svar hefur ekki borist.

## **7. Samstarf við aðra aðila**

### **Sveitarfélagið Garður**

Vitafélagið hefur unnið að gerð „Vitagarðs“ sem gera á við Garðskagavitana ásamt Norðanbálsmönnum og sveitarfélaginu Garði. Sigurbjörg Árnadóttir hefur verið tengiliður félagsins við þessa uppbyggingu. Einnig vinnur félagið að því að koma ljóshúsi á gamla vitan sem er friðlýstur og er nú einhver skriður komin á þau mál. Magnús Skúlason hefur átt í viðræðum við Siglingastofnun og heldur um þessa framkvæmdarþæði.

### **Norrænt samstarf**

Unnið er að fullu að undirbúningi hátíðarinnar í Karlskrona. Eimskip hefur lofað að flytja vörur félaginu að kostnaðarlausu og einnig hefur félagið samið við Eimskip um að flytja vörur fyrir Færeyinga. Nú er ljóst að í fyrsta sinn verða allar þjóðirnar átta með í hátíðinni. Þing gerði sér ferð til Álandseyja til að fá þá til samstarfs og Sigurbjörg lagði lykkju á leið sína til Karlskrona til að sannfæra Finna um að þeir ættu að vera þátttakendur í samstarfinu. Þema hátíðarinnar í Karlskrona er „levande

skärgård“. Sigurbjörg hefur sótt fundi í Osló en þar er nú unnið að hátíð næsta árs og þema hennar verður „Båten som Norges nationalbygger“ og nordiska språk.

Norræna strandmenningarhátíðin verður sameinuð árlegri hátíð hjá Kysten „Kystens landsstevne 2014“ en að auki er þjóðin að halda uppá á að 100 ár eru frá stjórnarslitum við Svía. Gert er ráð fyrir um 400 bátum á hátíðina og því óhætt að lofa líflegri helgi.

Sigurbjörg Árnadóttir  
Í maí 2013